

33. ÁRSÞING SSNV

9. APRÍL 2025

HALDIÐ Í SKAGAFIRÐI

ÞINGGJÖRÐ



Davíð Jóhannsson
Berglind Björnsdóttir

Efnisyfirlit

Dagskrá.....	3
Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara	4
Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra	4
Fulltrúatal.....	5
Skýrsla stjórnar.....	6
Ávörp.....	6
Ólafur Adolfsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis.....	6
Arna Lára Jónsdóttir, þingmaður Norðvesturkjördæmis	7
María Rut Kristinsdóttir, þingmaður Norðvesturkjördæmis.....	7
Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga	7
Ársreikningur 2024.....	8
Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning	8
Markaðsstofa Norðurlands	8
Endurskoðun 9. kafla sveitarstjórnarlaga	9
Vinnustofa	9
Afgreiðsla nefndaálita	9
Fjárhagsnefnd	9
Allsherjarnefnd.....	11
Stjórnssýslunefnd.....	11
Afhending Byggðagleraugnanna 2025	12
Þingslit.....	12

Dagskrá

9:30 Þingsetning

Einar Eðvald Einarsson, formaður stjórnar SSNV.

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara, tveggja vararitara.

Kynning á nefndum þingsins – formenn þingnefnda.

9:40 Kjörnefnd kannar lögmati þingsins

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, í fjarveru Þorleifs Karls Eggertssonar formanns kjörnefndar.

9:50 Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2024

Einar Eðvald Einarsson, formaður stjórnar SSNV.

10:00 Ávörp

Ólafur Adolfsson, 1. þingmaður, Norðvesturkjördæmis.

Arna Lára Jónsdóttir, þingmaður Norðvesturkjördæmis.

María Rut Kristinsdóttir, þingmaður Norðvesturkjördæmis.

Arnar Þór framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitafélaga.

11:00 Ársreikningur SSNV 2024, Helgi Njálsson frá KPMG kynnir ársreikning SSNV.

11:10 Markaðsstofa Norðurlands

Halldór Óli Kjartansson, verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Norðurlands.

11:20 Störf nefnda

Fjárhagsnefnd fjallar um ársreikning og laun og þóknun til stjórnar og nefnda.

Allsherjarnefnd fjallar um ályktanir.

Stjórnskipulagsnefnd fjallar um samþykktir.

12:00 Hádegisverður

12:30 Endurskoðun 9. kafla sveitarstjórnarlaga

Bryndís Gunnlaugsdóttir stýrir vinnustofu.

14:00 Afgreiðsla nefndarálita

14:30 Afhending Byggðagleraugnanna 2025

14:30 Þingslit

Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara

Einar Eðvald Einarsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna á þingið. Tilnefndi hann Sigfús Inga Sigfússon sem 1. þingforseta og Álfhildi Leifsdóttur sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Berglind Björnsdóttir, varaðingritarar Matthías Rúnarsson og Magnús Barðdal, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

Þingforseti kynnti skipan kjörnefndar sem skipuð er af stjórn eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Kjörnefnd skipa:

- Þorleifur Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra, formaður
- Sólborg S. Borgarsdóttir, Skagafirði
- Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð
- Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd
- Álfhildur Leifsdóttir, Skagafirði

Þá kynnti þingforseti nefndir þingsins og lagði til að eftirtaldir aðilar kölluðu nefndirnar saman:

Fjárhagsnefnd: Sólborg Borgarsdóttir, Skagafirði (Starfsmaður: Magnús Barðdal).

Allsherjarnefnd: Halldór G. Ólafsson Svf. Skagaströnd (Starfsmaður: Guðlaugur Skúlason).

Stjórnskipulagsnefnd; Magnús Magnússon Húnaþingi vestra (Starfsmaður: Berglind Björnsdóttir).

Fulltrúatal

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, framkvæmdastjóri fór yfir fulltrúatal þingsins í fjarveru Þorleifs Karls Eggertssonar, formanns kjörnefndar. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 27 fulltrúar og af þeim eru 19 mættir. Þingið telst því löglegt. Mættir fulltrúar eru:

Fulltrúar á ársþingi SSNV 9. apríl 2025

Skagafjörður

Þingfulltrúar

Einar E. Einarsson, aðalmaður
Sigríður Magnúsdóttir, varamaður
Sólborg S. Borgarsdóttir, aðalmaður
Eyþór Fannar Sveinsson, aðalmaður
Guðný Axelsdóttir, aðalmaður
Ragnar Helgason, varamaður
Jóhanna Ey Harðardóttir, aðalmaður
Sveinn Þ. Finster Úlfarsson, aðalmaður
Álfhildur Leifsdóttir, aðalmaður
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir, aðalmaður

10/13 mættir

Húnaþing vestra

Þingfulltrúar

Elín Lilja Gunnarsdóttir, aðalmaður
Magnús Magnússon, aðalmaður
Sigríður Ólafsdóttir, aðalmaður
Magnús Eðvaldsson, aðalmaður

4/5 mættir

Svf. Skagatrönd

Þingfulltrúar

Halldór G. Ólafsson, aðalmaður
Erla María Lárusdóttir, aðalmaður

2/3 mættir

Húnabyggð

Þingfulltrúar

Guðmundur Haukur Jakobsson, aðalmaður

Auðunn Steinn Sigurðsson, aðalmaður

Elín Ósk Gísladóttir, aðalmaður

3/5 mættir

Samtals fjöldi fulltrúa 19/27. 70 % mæting

Skýrsla stjórnar

Einar E. Einarsson, formaður stjórnar SSNV, flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2024.

[Ársskýrsla SSNV](#) fyrir árið 2024 er aðgengileg á heimasíðu samtakanna. Ræðu Einars má finna [hér](#).

Ávörp

Ólafur Adolfsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis.

Ólafur þakkaði fyrir boðið og að fá að ávarpa þingið og bar þinginu kveðjur Stefáns Vagns, Eyjólfss og Lilju Rafneyjar sem ekki gátu mætt.

Í upphafi nefndi hann að þingmenn Norðvesturkjördæmis töluðu um sig sem þingflokk og vinna öll vel saman.

Því næst vék hann að því að áskoranir sem glímt er við á okkar svæði eru þær sömu og glímt er við bæði á Vestfjörðum og Vesturlandi. Of lítið fjármagn er til uppbyggingar innviða. Mikilvægt er að heimamenn taki málin í sínar hendur og noti þingmenn sem verkfæri sín, sem þurfa að vera í góðu sambandi við kjörna fulltrúa á hverjum stað. Nefndi hann að búið sé að skipuleggja reglubundna fundi með landshlutasamtökum til að vinna málin áfram. Lét hann þingmálaskrá ganga um salinn til að þingfulltrúar gætu séð að þar eru mikilvæg mál og einmitt mál sem hér hafa verið reifuð af formanni stjórnar SSNV.

Þessu tengt nefndi hann nokkur umdeild mál líkt og málefni orkusveitarfélaga, landbúnaðar- og sjávarútvegsmál sem og önnur atvinnumál, sem allt eru mál þingmannanna að fylgja eftir.

Ólafur vonast til að fara af þinginu vel nestaður eftir vinnu með þingfulltrúum.

Arna Lára Jónsdóttir, þingmaður Norðvesturkjördæmis

Arna Lára bar þinginu kveðju Ingibjargar Davíðsdóttur sem ekki komst með þingmönnum. Arna Lára nefndi það að hún sé ein þriggja nýrra þingmanna sem er að læra á kerfið. Tók hún undir það sem Ólafur nefndi um að þingmenn kjördæmisins séu staðráðnir í að vinna vel saman.

Nefndi það sem dæmi að samtal hefði verið meðal þeirra um að dreifa þingmönnum svæðisins sem víðast í nefndir og tókst það ætlunarverk. Baráttumál þingmanna þessa kjördæmis munu vera að sjá til þess að fjármagn til framkvæmda skili sér í landshlutann, eins og t.d. til uppbyggingar verknámshúss á Sauðárkróki.

Hvað varðar öryggi og innviði er mikilvægt að huga að okkar landshluta, en heilbrigðismál og samgöngur eru meðal mikilvægustu málaflokka þingsins. Þingmenn kjördæmisins eru til í þessa vinnu og þetta samtal og Arna er til.

María Rut Kristinsdóttir, þingmaður Norðvesturkjördæmis

María Rut var ánægð með að vera á þinginu í dag og mikill heiður. Helstu áhugamál hennar eru samskipti og nefndi að á þingi væri góður andi og sérstaklega innan þingmannahóps Norðvesturkjördæmis. Markmið hennar er að ná að fara á sem flest þorablót í kjördæminu þar sem það sé góð leið til að kynnast samfélögum. Fór hún yfir að þekkt er hvar þröskuldar þessa kjördæmis eru og nefndi sem dæmi að innviðaskuldin uppreiknuð væri um 700 milljarðar, sem hún sá fyrir sér að muni taka tíma að vinda ofan af.

María veit að það er mikil ósk um að opinber störf flytjist út á land og er byrjuð að kynna sér málefni orkusveitarfélaga. Nefndi hún að það væru verkin sem tala sem og efndir, en ekki fallegu loforðin.

Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þakkaði fyrir gott boð og er sérstaklega ánægður með að vera hér með okkur og er afar þakklátur fyrir þá stemmningu sem er meðal þingmannanna kjördæmisins. Arnar Þór studdist við glærur í sinni kynningu.

Áhersla hefur verið lögð á að kynna sambandið fyrir nýrri ríkisstjórn, ráðherrum og þingmönnum, og helstu áherslumál Sambandsins. Nefndi það að í ár er Sambandið 80 ára og mun starfsemi ársins einkennast af því.

Að loknum ávörpum gesta var boðið upp á fyrirspurnir úr sal. Til máls tóku:

Magnús Magnússon – velti fyrir sér stöðu samgöngumála og lagareldis.

Guðmundur Haukur Jakobsson - spurði út í fjármögnun/tekjustofna sveitarfélaga og greiðslur úr Jöfnunarsjóði.

Einar Eðvald Einarsson – nefndi uppbyggingu við FNV, veiðigjöld, búvörulögin/afurðastöðvar og skipulag aksturs/snjómoksturs og skiptingu ríkis og sveitarfélaga í þeim málaflokki.

Halldór Gunnar Ólafsson – nefndi að Sambandið vantaði starfsmann/sérfræðing í fráveitumálum minni sveitarfélaga.

Auðunn Steinn Sigurðsson – velti fyrir sér aðferðafræði Jöfnunarsjóðs, nefndi flugvöllinn í Húnabyggð og frumvarp um sameiningu sýslumannsembættanna á landsvísu m.t.t. atvinnumála á landsbyggðinni.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir - nefndi óstaðbundin störf og erfiðleika/hátt flækjustig við umsóknir um ívilnanir á endurgreiðslu námslána fyrir starfstéttir sem vinna sérfræðistörf á landsbyggðinni.

Þingmenn svöruðu framkomnum fyrirspurnum.

Ársreikningur 2024

Helgi Níelsson, endurskoðandi f.h. KPMG, fór yfir ársreikning SSNV fyrir árið 2024:

Ársreikningur SSNV: Rekstrartekjur voru 330.274.923 kr., rekstrargjöld 337.600.537 kr. og fjármunatekjur 7.889.745 kr. Hagnaður varð því á rekstri samtakanna að upphæð 564.131 kr.

[Ársreikningurinn](#) er aðgengilegur á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Enginn tók til máls.

Ársreikningi var vísað til fjárhagsnefndar.

Markaðsstofa Norðurlands

Halldór Óli Kjartansson, verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Norðurlands fór yfir starfsemi og helstu verkefni.

Halldór Óli studdist við glærukynningu í sinni framsögu.

Störf nefnda

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur sem sendar höfðu verið út með fundarboði og vísaði þingforseti þeim til viðkomandi nefnda:

Fjárhagsnefnd

- Ársreikningur SSNV 2024
- Laun og þóknun til stjórnar og nefnda

Allsherjarnefnd

- Ályktanir þingsins

Stjórnskipulagsnefnd

- Endurskoðun samþykka SSNV

Nefndir tóku til starfa og unnu fram að hádegishléi.

Endurskoðun 9. kafla sveitarstjórnarlaga

Fyrirhugað er að leggja fram á Alþingi frumvarp með breytingum á lögnum í haust.

Innviðaráðuneytið hefur leitast eftir afstöðu sveitarfélaganna til núverandi ákvæða kaflans áður en drög að frumvarpi verður lagt fyrir í samráðsgátt stjórnvalda. Til þess að ná þeim sjónarmiðum fram hefur verið ákveðið að halda vinnustofur í hverjum landshluta, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga. Tilgangur vinnustofanna er að eiga samráð við sveitarstjórnarfólk um land allt og fá efnivið fyrir ráðuneytið til að vinna áfram og í framhaldinu móta tillögur til breytinga á 9. kafla sveitarstjórnarlaga.

Vinnustofa

Bryndís Gunnlaugsdóttir frá Sambandinu stýrði vinnustofunni.

Afgreiðsla nefndaálita

Fjárhagsnefnd

Sólborg S. Borgarsdóttir gerði grein fyrir tillögum fjárhagsnefndar.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

33. ársþing SSNV, haldið í Skagafirði 9. apríl 2025, samþykkir ársreikning SSNV fyrir árið 2024.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Ársreikningur SSNV fyrir árið 2024 er aðgengilegur á heimasíðu með gögnum þingsins.

Einnig var borin upp eftirfarandi tillaga:

33. ársþing SSNV, haldið í Skagafirði 9. apríl 2025, samþykkir eftirfarandi um laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSNV fyrir árið 2025:

Laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSNV fylgi þingfararkaupi og ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald og dagpeninga:

- a) Laun formanns verði 6% af þingfararkaupi (nú 87.590 kr.)
- b) Laun annarra stjórnarmanna verði 3% af þingfararkaupi (nú 43.795 kr.)
- c) Laun fyrir stjórnarfundi og aðra fundi stjórnar og nefnda/fagráða verði 2,5% af þingfararkaupi (nú 36.496 kr.)
- d) Laun formanna nefnda/fagráða verði 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund í viðkomandi nefnd (nú 43.795 kr.)
- e) Hálf fæði verði greitt fyrir hvern staðfund stjórnar, samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins (nú 7.950 kr.)
- f) Akstur verði greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald (nú 141 kr./km)
- g) Annar ferðakostnaður vegna ferða á vegum SSNV verði greiddur samkvæmt reikningi

Greiðslur til úthlutunarnefndar og fagráða Uppbyggingarsjóðs verði sem hér segir:

1. Fagráð - yfirferð umsókna

- a) 1-20 umsóknir – greitt sem ein fundarseta
- b) 21-70 umsóknir – greitt sem tvær fundarsetur
- c) 71-100 umsóknir – greitt sem þrjár fundarsetur

2. Svar við beiðni um rökstuðning vegna höfnunar á styrkbeiðni

- a) 1-5 beiðnir – greitt sem ein fundarseta
- b) 6-10 beiðnir – greitt sem tvær fundarsetur

3. Önnur bréf vegna starfa á vegum Uppbyggingarsjóðs

- a) 1-5 bréf – greitt sem ein fundarseta
- b) 6-10 bréf – greitt sem tvær fundarsetur

- 1) Einar E. lagði fram frávísunartillögu við framkomna breytingartillögu varðandi lið e).

Til máls tóku:

Jóhanna Ey Harðardóttir
Magnús Magnússon

Tillagan var borin til atkvæða og felld með 8 atkvæðum gegn 5.

- 2) Tillaga nefndarinnar var borin til atkvæða og samþykkt með 9 atkvæðum gegn 4.

Allsherjarnefnd

Halldór G. Ólafsson gerði grein fyrir tillögum Allsherjarnefndar:

*33. ársþing SSNV, haldið í Gránu í Skagafirði 9. apríl 2025, samþykkir framlagða ályktun **Flugþróunarsjóður – áframhaldandi stuðningur** eins og hún er lögð fram fyrir þingið.*

*33. ársþing SSNV, haldið í Gránu í Skagafirði 9. apríl 2025, samþykkir framlagða ályktun **Uppbygging Verknámshúss FNV á Sauðárkróki** eins og hún er lögð fram fyrir þingið.*

*33. ársþing SSNV, haldið í Gránu í Skagafirði 9. apríl 2025, samþykkir framlagða ályktun **Vegasamgöngur á Norðurlandi vestra** eins og hún er lögð fram fyrir þingið.*

*33. ársþing SSNV, haldið í Gránu í Skagafirði 9. apríl 2025, samþykkir framlagða ályktun **A-10 Framlög til verkefna á sviði almenningsamgangna** eins og hún er lögð fram fyrir þingið.*

Allar tillögur nefndarinnar voru samþykktar samhljóða.

Stjórnssýslunefnd

Magnús Magnússon gerði grein fyrir tillögu Stjórnskipulagsnefndar á endurskoðun samþykktar og þingskapa samtakanna:

33. ársþing SSNV, haldið í Gránu í Skagafirði 9. apríl 2025, leggur til eftirfarandi breytingar á framlögðum tillögum um breytingar á samþykktum og þingsköpum SSNV:

Breytingarnar varða greinar 3.6. og 4.3. og eru þær nú svohljóðandi:

3.6

Þing SSNV eru opin til áheyrnar kjörnum aðal- og varafulltrúum í sveitarstjórnum, starfsmönnum sveitarfélaga, starfsmönnum SSNV og fulltrúum tengdra verkefna á Norðurlandi vestra.

Stjórn samtakanna er heimilt að bjóða til þings hverju sinni aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi samtakanna, með málfrelsi og tillögurétti.

4.3

Stjórn SSNV kýs fimm manna kjörnefnd og skipar einnig formann nefndarinnar eigi síðar en 1. mars ár hvert. Nefndin er jafnframt kjörbréfanefnd ársþings/haustþings.

Fyrir aukaársþing eftir sveitarstjórnakosningar skal kjörnefnd skipuð, eigi síðar en 1. júlí. Skal kjörnefndin vinna í samræmi við starfsreglur um hana og samþykktir SSNV.

Breytingatillögur nefndarinnar voru samþykktar samhljóða.

33. ársþing SSNV, haldið í Skagafirði 9. apríl 2025, samþykkir breytingartillögu stjórnar SSNV á samþykktum og þingsköpum samtakanna með á orðnum breytingum þingsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Afhending Byggðagleraugnanna 2025

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir framkvæmdastjóri SSNV sagði frá Byggðagleraugunum, sem eru á ársþingi SSNV ár hvert veitt þeirri stofnun eða ráðuneyti sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna í landshlutanum eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans. Hún tilkynnti handhafa Byggðagleraugnanna 2025 sem að þessu sinni eru tveir.

Byggðagleraugu SSNV fyrir árið 2025 hlýtur Lögreglan á Norðurlandi vestra og Sýslumannsembættið á Norðurlandi vestra.

Fyrir hönd Lögreglunnar veittu þau Ásdís Ýr Arnardóttir sérfræðingur og Pétur Björnsson yfirlögreluþjónn viðurkenningunni viðtöku.

Jafnframt veitti Björn Hrafnkelsson, staðgengill sýslumanns viðurkenningu Sýslumannsembættisins viðtöku.

Þingslit

Sigfús Ingi Sigfússon þingforseti þakkaði þinginu fyrir góð störf. Því næst gaf hann formanni SSNV orðið.

Einar, formaður stjórnar SSNV, þakkaði fyrir gott þing og bauð til haustþings SSNV 2025 sem haldið verður í Skagafirði, og sagði þinginu slitið.

Þinggjörðina rituðu

Davíð Jóhannsson og Berglind Björnsdóttir,

starfsmenn SSNV.